

Hagfræðin á Íslandi

Hagfræðin á sér langa sögu. Í jólaguðspjallinu er fjallað um hagfræði, þegar rætt er um manntal Ágústusar keisara. Þó er upphaf hagfræði miðað við verk þeirra Francois Quesnai „*Tableau économique*“, ellegar

Adam Smith og verk hans „*Inquiry into the Nature and Causes of the Wealth of Nations*“

Þessir frumkvöðlar hagfræðinnar voru á engan hátt frábrugðnir frumkvöðlum íslenskar hagfræði. Hinir íslensku hagfræðingar voru fræðimenn í ýmsum greinum, sagnfræði eða guðfræði, og sumir þeirra höfðu ekki lokið formlegu háskólanámi.

Páll Vídalín var sýslumaður án þess að hafa lokið formlegu námi í lögfræði, hann var attetatus í guðfræði, sem og Árni Magnússon, prófessor og handritasafnari, sem auk guðfræðinnar fékkst við ýmislegt nám. Saman söfnuðu þeir í jarðabók, sem við þá er kennd, og varð grundvöllur skattlagningar og eignaskráningar, ásamt með manntalinu frá 1703, en það er elsta þjóðarmanntal í veröldinni, sem hefur varðveist.

Um Hannes Finnsson biskup segir í *Íslenskum æviskrám*:

„Hann hefir verið einn hinn fjölhæfasti Íslendingur sem uppi hefur verið, þekkingin í senn yfirgripsmikil og djúp. Dómgreindin skörp og athugunargáfan djúp. Hann var ágætlega að sér í tungumálum, náttúrufræði, hagfræði og auðvitað guðfræði, en mestu skiptir þekking hans á sögu Íslands í öllum greinum, mannfræði og ættvísi“.

Megin rit Hannesar biskups Finnssonar á sviði hagfræði er;

„Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“.

Sá er fyrstur ritar um hina eiginlegu hagfræði á íslensku var séra Arnljótur Ólafsson, en hann kallaði rit sitt „Auðfræði“. Bókin kom út árið 1880. Hann hafði fengist við hagfræðinámið en ekki lokið prófi áður en hann sneri sér að guðfræðinni og gerðist prestur á Bægisá og síðar Sauðanesi.

Einnig er rétt að nefna þann mann er fyrstur birti á prenti orðið viðskiptafræði, þ.e. Jón Ólafsson ritstjóri. Hann gaf út bók sína „Stafróf viðskiptafræðinnar“ árið 1908.

Síðastan meðal frumkvöðlanna á 19. öldinni ber að nefna foringjann mikla, Jón Sigurðsson, forseta. Um hann segir í Alþingismannatali:

„Lagði stund á málfræði og sögu, síðar stjórnfræði og hagfræði við Hafnarháskóla en lauk ekki prófi.“

Íslendingar minnst Jóns forseta sem sjálfstæðishetju, en aðrir minnst Jóns fyrst og fremst sem hagfræðings, sem safnaði saman og samdi „Landsshagskýrslur“ í 5 bindum og höfundar „Litillar fiskimannabókar“, sem er kennslubók í markaðsfræði, sem prófessor Cotler mætti vera fullsæmdur af. Framlag Jóns forseta í sjálfstæðisbaráttunni var ekki síður með rökum hagfræði en rökum þjóðarréttar.

Íslendingar í hagfræðiskólum.

Fyrsti Íslendingurinn, sem lauk háskólaprófi í hagfræði var Indriði Einarsson. Hann lauk prófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1877. Fram til ársins 1938 luku 14 Íslendingar námi frá Kaupmannahafnarháskóla í hagfræði eða viðskiptafræði. Einhverjir til viðbótar drukknuðu í Holmens Kanal áður en þeir luku prófi. Frá þýskum háskólum luku 9 Íslendingar námi áður en kennsla hófst hér á landi.

Líður nú fram til ársins 1938. Miklar viðsjár höfðu verið í stjórnámum á 4. áratugnum. Stjórnámáflokkarnir höfðu þó samið um vopnaðan frið sín á milli, en einnig voru deilur og jafnvel ófriður innan flokka. Þingmenn Framsóknarflokksins höfðu snúist gegn formanni sínum, Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Hann var þó ekki með öllu valda- og áhrifalaus því hann var formaður utanríkismálanefndar Alþingis en þá var enginn utanríkisráðherra. Hafa sumir sagt að í krafti formennsku sinnar í utanríkismálanefnd Alþingis hafi Jónas rekið sína sjálfstæðu utanríkisstefnu, sem beindist að því að koma Íslandi inn á áhrifasvæði Bandaríkjamanna á grundvelli Monroe kenningarinnar frá 1823 en hann kallaði stefnu sína Leifslínu, kennda við Leif Eiríksson. Til þess að

koma þessu í kring lét hann Ísland taka þátt í Heimssýningunni í New York 1939, með sérlegan fulltrúa sinn, Vilhjálmi Þór, kaupfélagsstjóra, sem framkvæmdastjóra.

Til þess að geta rekið utanríkisþjónustu þurfti menntaðan mannafla að skapi Jónasar. Því kom Jónas því til leiðar við fjandvin sinn í Framsóknarflokki, Hermann Jónasson, forsætisráðherra, sem þá fór einnig með kennslumál, að það fengist fjárveiting til að stofna Viðskiptaháskóla Íslands. Ekki voru samþykkt nein lagaákvæði um stofnun skólans eða að skólanum væri sett reglugerð. Fjárveitingin fékkst af reikningi hjá kennslumálaráðuneyti án atbeina Alþingis.

Viðskiptaháskóli Íslands stofnaður með auglýsingu.

Í september 1938 var auglýsing í blöðum, þar sem frá því var skýrt að stofnaður yrði Viðskiptaháskóli Íslands. Mundi hann veita nemendum sínum fræðslu í þeim greinum, sem helst megi ætla að komið geti að notum við almennan atvinnurekstur og viðskipti. Yrði sérstök áhersla lögð á að kenna hagnýta þekkingu, einkum í öllu því er varðaði Ísland og helstu viðskiptalönd þess. Námstíminn yrði 3 ár. Áskilið var stúdentspróf eða sambærileg menntun. Aðeins yrðu teknir inn átta nemendur.

Nú lesum við á milli lína í auglýsingunni og sjáum í hendi okkar að hér er verið að stofna „útrásarskóla“.

Auglýsinguna birti Steinþór Sigurðsson, mag scient, en hann var þá kennari við Menntaskólann í Reykjavík.

Kennsla í Viðskiptaháskólanum hefst.

Kennsla hófst haustið 1938 og voru nemendur í upphafi 10 ungir menn. Ekki náðu þeir að útskrifast frá hinum nýja skóla því mál að skipuðust á annan veg en að vilja Jónasar Jónssonar. Segir frá því síðar.

Í upphafi var kennt í Íþöku við Menntaskólann í Reykjavík en á öðru ári Viðskiptaháskólans var kennt í húsi atvinnudeildar Háskóla Íslands á háskólalóðinni. Þá var Steinþór Sigurðsson, skólastjóri Viðskiptaháskólans, jafnframt

framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins. Á þriðja starfsári Viðskiptaháskóla Íslands, haustið 1940, var kennslan flutt í hina nýju byggingu Háskólans, sem þá var tekin í notkun.

Þegar Gylfi Þ Gíslason kom heim frá námi sumarið 1939 fór Steinþór Sigurðsson, skólastjóri Viðskiptaháskólans, þess á leit við Gylfa að hann kenndi rekstrarhagfræði og flytti fyrirlestra um íslenskt efnahagslíf. Þá fór skólastjórinn einnig þess á leit við Gylfa að hann tæki að sér að semja áætlun um þriggja ára nám í Viðskiptaháskólanum. Gylfi gerði slíka áætlun og hafði til fyrirmyndar kennslu í háskólum á Norðurlöndum og í Þýskalandi.

Nýr rektor og tillögur hagfræðinganna

Sumarið 1940 fór dr. Alexander Jóhannesson, háskólarektor, þess á leit við Gylfa, að athugaður yrði möguleikinn á að hafin yrði kennsla við lagadeild Háskólans í hagfræði og viðskiptafræði. Þannig yrði auk embættisprófs í lögfræði, einnig kennt til lokaprófs í hagfræði með lærdómstitlinum cand polit og lokaprófs í viðskiptafræði með lærdómstitlinum cand. merc. Skyldu hagfræðingar ljúka námi sínu á 4 ½ ári en viðskiptafræði á 3 árum.

Í ágúst árið 1940 fól Háskólaráð þremur hagfræðingum, þeim Þorsteini Þorsteinssyni, hagstofustjóra, dr. Oddi Guðjónssyni, skrifstofustjóra Verslunarráðs, og Sverri Þorbjarnarsyni, sem þá kenndi lagastúdentum hagfræði en starfaði jafnframt hjá Tryggingastofnun ríkisins, að athuga tillögur Gylfa. Niðurstaða þeirra var að færa skyldu kennsluna í lagadeildina, en jafnframt sömdu þeir frumvarp til reglugerðar um kennslu í viðskiptafræði í lagadeild Háskóla Íslands. Þeir, sem ætluðu að stunda hagfræði erlendis en ættu ekki kost á utanför vegna styrjaldar, gætu haft gagn af að stunda viðskiptafræðinámið næsta vetur.

Bréf rektors til kennslumálaráðherra haustið 1940.

Í september það sama ár, þ.e. 1940 ritar háskólarektor forsætis- og kennslumálaráðherra bréf. Í bréfinu sagði:

„Tillögur Háskólans verða því, að nú þegar verði tekin upp kennsla í viðskiptafræði og að Viðskiptaháskólinn verði innlimaður í lagadeild. Enn fremur

verði hafin kennsla í hagfræði, en næsta ár látið skera úr um, hvort stefna beri að því að undirbúa kennslu í hagfræði til embættisprófs er vari í 4 ½ ár.“

Háskólarektor lá á, þar sem hann var með nýja og rúmgóða háskólabyggingu, og vildi koma þessu í gegn á þeirri forsendu að brýna nauðsyn bæri til og því skyldu gefin út bráðabirgðalög til að koma þessu fram. Ríkisstjórnin taldi að ekki væri þörf á slíkum aðgerðum. Ráðherra fór þó fram á að Viðskiptaháskólinn fengi inni í hinni nýju byggingu en á það féllust yfirvöld háskólans, með semingi þó.

Frumvarp kennslumálaráðherra árið 1941

og söguleg atkvæðagreiðsla.

Í árslok 1940 var enn leitað til forsætis- og kennslumálaráðherrans með tillögur um breytingar á háskólalögnum. Nú var frumvarpið flutt, þrátt fyrir að ráðherra lýsti sig andsnúinn frumvarpinu. Mest var þó andstaða Jónasar Jónssonar, sem barðist að sjálfsögðu gegn frumvarpinu og vildi halda sjálfstæði síns skóla. Að lokum fór það svo að frumvarpið var samþykkt, naumlega þó í efri deild þar sem Jónas átti sæti, þar var frumvarpið samþykkt með eins atkvæðis mun. Þá hafði meðal annars Þorsteini Þorsteinssyni, sýslumanni Dalamanna, snúist hugur frá því að vera fylgjandi frumvarpinu til andstöðu. Lokaatkvæðagreiðsla fór fram 27. júní 1941 og ber að gera þann dag hátíðisdag viðskiptafræði- og hagfræðideilda Háskóla Íslands.

Sögur herma að þetta eina atkvæði, sem um munaði, hafi í raun verið á móti frumvarpinu þar sem einn þingmaður var fjarverandi. Páll Hermannson þingmaður Norður Múlasýslu var fjarverandi og var því kennt um að Páll Zophaníasson, sem einnig var þingmaður Norður Múlasýslu, og kona hans, Guðrún Hannesdóttir frá Deildartungu, hafi falið buxur þingmannsins svo hann komst ekki til þingfundar og örlögum háskólakennslu í viðskiptafræðum og hagfræði var þannig borgið með vélráðum.

Fyrstu viðskiptafræðingarnir útskrifaðir.

Þegar hér var komið áttu stúdentar í Viðskiptaháskólanum að gangast undir próf. Þeir gerðu sér ljóst, að það gagnaði lítt að vera með prófskjöl frá stofnun,

sem ekki átti sér lagastoð, og þeir lögðu sitt að mörkum til að Viðskiptaháskólinn yrði sameinaður lagadeild Háskóla Íslands. Hefi ég fengið bréf um að sá meðal nemenda, byltingarforinginn, sem hafði forystu um sameiningu háskólanna og séð í hendi sér að betra væri að hafa prófskjal úr formlegum háskóla, hafi fæðst á byltingardaginn 7. nóvember 1917, þ.e. Pétur Jens Thorsteinsson.

Fyrstu stúdentarnir voru útskrifaðir árið 1941. Þeir höfðu aldrei verið í laga- og hagfræðideild Háskólans en útskrifuðust þó frá deildinni. Prófgráða þeirra var candidatus oeconomie.

Ræða rektors á Háskólahátíð 1941.

Í ræðu sinni á háskólahátíð á 1. vetardag, 25. október 1941, þ.e. haustið sem kennsla í viðskiptafræðum og verkfræði hófst sagði rektor Háskólans, dr. Alexander Jóhannesson, prófessor, meðal annars:

„Háskólinn hefur nú starfað í eitt ár í hinni nýju byggingu, og hafa á þessu eina ári orðið stórfelldar breytingar á högum háskólans. Starfssvið Háskólans hefur aukist að verulegum mun með innlimun Viðskiptaháskólans og stofnun verkfræðideildar. Sameining viðskiptaháskólans og lagadeildar var eindregin ósk allra stúdenta Háskólans, enda áttu stúdentar Viðskiptaháskólans allverulegan þátt í að flytja þetta mál til sigurs. Það hefur sýnt sig, að mikil þörf var á þessari deild, því innritast hafa í hana 19 nýjir stúdentar eða fleiri en í nokkra aðra námsgrein, nema læknisfræði. Háskólinn væntir þess, að kennsla í þessum fræðum verði til þess, að margir gagnmenntaðir menn bætist í hóp forystumanna í verzlun og viðskiptum, en undir meðferð þeirra mála er að miklu leyti komin efnaleg afkoma hvernar þjóðar. Samningamenn við erlendar þjóðir í verzlun, í viðskiptum, í utanríkismálum verða að standa jafnfætis að þekkingu þeim mönnum, er þeir eiga að semja við, og, – ef vel á að vera að vera, öllu framar. Úrslit samninga jafnréttihárra aðila eru ætíð að verulegu leyti komin undir þekkingu samningsaðila, og þekkingin ber að lokum sigur úr býtum. Ég er þess fullviss, að

með stofnun þessarar deildar er stigið stórt spor í verzlunarsögu Íslendinga, er mun verða landsmönnum að ómetanlegu gagni, er stundir líða.“

Svo mörg voru þau orð rektors á Háskólahátíð 1941. Við skulum vona að þau hafi gengið eftir.

Kennsla og starfsemi.

Þeir Gylfi Þ Gíslason og Ólafur Björnsson voru fyrstu föstu kennarar í viðskipta- og hagfræði í Háskóla Íslands, fyrst sem dósentar en þeir voru síðar skipaðir prófessorar. Voru þeir lengi einu föstu kennarar deildarinnar, þar til prófessor Árni Vilhjálmsson var skipaður til starfa 1961. Með komu dr. Guðmundar K Magnússonar, prófessors, að deildinni árið 1968 var lagður grunnur að frekari kennslu í hagfræði í þeirri mynd sem við þekkjum núna.

Með lagabreytingu árið 1957 var nafni deildarinnar breytt í laga- og viðskiptadeild. Það var svo haustið 1962 að viðskiptadeild varð sjálfstæð deild. Með reglugerðarbreytingu árið 1964 varð breyting viðskiptafræðináminu. Námið var skipulagt sem 4 ára nám með skyldugreinum og kjörgreinum. Enn urðu breytingar á reglugerð árið 1970 þegar stúdentar skyldu eftir fyrri hluta nám á tveimur árum velja á milli fyrirtækjakjarna og þjóðhagskjarna. Þar var kominn vísir að þeirri skiptingu, sem við sjáum í dag, viðskiptafræðideild og hagfræðideild.

Nafni deildarinnar var enn breytt árið 1988 í viðskipta- og hagfræðideild. Um leið var deildinni stjórnunarlega skipt upp í tvær skorir; viðskiptaskor og hagfræðiskor.

Það var svo sumarið 2008 að deildirnar voru aðskildar innan félagsvísindasviðs og heita þær nú hagfræðideild og viðskiptafræðideild.

Sem fyrr segir voru stúdentar brautskráðir með lærdómstílinn *candidatus oeconomie*.

Með breyttri skipan náms árið 1997 voru stúdentar brautskráðir sem *baccalaureus scientiarum, B. Sc.* eða *baccalaureus atrium B. A* gráðum . Meistaránámi lýkur með *magister scientiarum M. Sc.* eða *magister atrium M. A* gráðum.

Að auki brautskráir viðskiptafræðideild nemendur eftir M B A nám, þ.e. Master of Business Administration.

M. A. gráðum. Frá sameiginlegu deildinni lauk einn stúdent doktorsprófi en frá hagfræðideild hafa 4 stúdentar lokið doktorsprófi og frá viðskiptafræðideild hafa 6 stúdentar lokið doktorsprófi.

Nú starfa 10 fastir kennarar við hagfræðideild. Við viðskiptafræðideild starfa 29 fastir kennarar og 8 aðjuntar.

Auk kennslu hafa kennarar við deildirnar lagt sífellt vaxandi áherslu á rannsóknir í sínum fræðasviðum og hafa greinar eftir kennara við deildirnar birst í íslenskum og erlendum vísindatímaritum auk eigin bóka.

Háskólinn og atvinnu- og þjóðlífið

Háskóli Íslands var upphaflega stofnaður sem embættismannaskóli og háskóli til að leggja stund á íslensk fræði, til að varðveita og rannsaka menningararfinn. Stofnun Háskólans var hluti af sjálfstæðisbaráttu lítillar þjóðar. Það má vera að efni hafi stundum verið lítil en viljinn til að svara kröfum samfélagsins hefur ávallt verið til staðar. Viðskiptafræði og hagfræði eru fyrstu greinarnar sem bættust við eftir stofnun Háskólans árið 1911. Skömmu eftir að Viðskiptaháskólinn sameinaðist lagadeildinni var verkfræðideild sett á stofn, þegar tók fyrir aðgang stúdenta að erlendum verkfræðiskólum. Lyfjafræði hafði verið kennd hér á landi með skipulegum hætti frá 1930 en í Lyfjafræðingaskóla frá 1940 þar til sú kennsla var færð undir læknadeild Háskóla Íslands 1957. Þetta segir aðeins eitt, Háskólinn og atvinnulífið hafa alltaf átt samleið. Þá finnst okkur stundum miður að einhverjum hluta kennslunnar er sinnt af stundakennurum, en stundakennararnir koma þó beint úr atvinnulífinu og eykur það enn á tengsl atvinnulífs og Háskólans.

Stúdentar í viðskiptafræðum og hagfræði hafa valið sér lokaverkefni úr íslensku atvinnulífi og íslensku þjóðlífi. Til að ljúka prófi hafa nemendur í hagfræði og viðskiptafræði skrifað ritgerðir, sem hafa fjallað um áhugaefni

stúdenta, og hafa ritgerðir oftast bætt einhverju við þekkingarbrunn þjóðarinnar.

Það er von þeirra, sem leggja stund á kennslu og rannsóknir í viðskiptafræði og hagfræði, að deildirnar megi eflast, að þær megi njóta sannmælis, í umfjöllun og í fjárframlögum, svo þær megi enn eflast og bæta þjóðarhag.

Góðir áheyrendur, nú tekur alvaran við, takk fyrir.

Vilhjálmur Bjarnason, lektor 18. nóvember 2016